

Aðalfundur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. 2020

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Skógarbraut 946 Ásbrú, 262 Reykjanesbæ, þann 08. júní 2020 og hófst kl. 13.30.

Mættir eru: Jón Gunnar Vilhelmsson frá fjármálaráðuneytinu fyrir hönd hluthafa, Hrafn Hlynsson frá fjármálaráðuneytinu, Ísak Ernir Kristinsson stjórnarformaður, Steinunn Sigvaldadóttir stjórnarmaður, Elín Árnadóttir stjórnarmaður, Reynir Sævarsson, stjórnarmaður, Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarmaður, Einar Jón Pálsson, Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri, Ásta Lárusdóttir fjármálastjóri og Anna Steinunn Jónasdóttir verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Staðfesting ársreiknings 2019.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ráðstöfun á hagnaði/tapi og greiðslum á arði.
7. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Áður en farið var í dagskrá fundarins fór fram kosning fundarstjóra og fundarritara.

Pálmi Freyr Randversson var kosinn fundarstjóri og Anna Steinunn Jónasdóttir var kosin fundarritari.

Engin athugasemd var gerð við boðun fundarins og telst hann því löglega boðinn.

1. Skýrsla stjórnar.

Skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2019.

Hagnaður ársins var kr. 82.605.987,- og niðurstaða efnahagsreiknings Þróunarfélagsins var kr. 2.074.739.582,-.

Ársreikningurinn var lagður fram og var hann staðfestur.

3. Kosning stjórnar og kosning endurskoðunarfélags.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Ísak Ernir Kristinsson, kt. 220793-2579, Löngulínu 32, 210 Garðabæ,
Steinunn Sigvaldadóttir, kt. 020367-3349, Bakkabraut 5D, 200 Kópavogi,
Elín Árnadóttir, kt. 110471-4599, Birkibergi 22, 221 Hafnarfirði,
Reynir Sævarsson, kt. 220579-3019, Skipasundi 30, 104 Reykjavík,
Einar Jón Pálsson, kt. 141067-3119, Klapparbraut 11, 250 Suðurnesjabæ.

Til vara var kjörinn:

Hrafn Hlynsson, kt. 170386-3109, Rauðalæk 7, 105 Reykjavík.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykka félagsins.

4. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði.

Tillaga var gerð um að greiða ekki út arð og að hagnaður ársins yrði fluttur til næsta árs. Það var samþykkt.

5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið er fyrir starfsárið 2020 að laun formanns verði óbreytt frá fyrra ári kr. 270.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 135.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 40.500,- fyrir hvern fund.

6. Umræður og önnur mál löglega fram borin.

Engin mál voru undir lið nr. 6.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi var slitið kl. 13.50

Anna Steinunn Jónasdóttir, fundarritari.